



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu



Erasmus+

SKANDIAVÍUFERÐ

Skólaárið 2018-2019

Margrét Ýr Ingimarsdóttir
styrkþegi

Tveggja vikna námsferð til Norðurlanda á vegum verkefnisins
Job-shadowing for teaching and integration of bilingual students.

Fjármagnað af Erasmus+ menntaverkefni Evrópusambandsins.

Samningur nr. 2018-1-IS01-KA101-038753



GARÐABÆR



HAFNARFJÖRÐUR



Kópavogsbær



MOSFELLSBÆR



Reykjavíkurborg



SELTJARNARNES

Inngangur

Hér mun ég fjalla um skólaheimsókn í mína til Danmerkur, nánar tiltekið í Valby, sem er rétt fyrir utan Kaupmannahöfn. Ég varði tveimur vikum í skóla sem heitir Vigerslev Allés Skole undir góðri leiðsögn Miu Stejlgaard en hún er deildarstjóri móttökudeildarinnar. Á meðan dvöl minni stóð fékk að kynnast öllu því frábæra starfi sem snýr að nemendum skólans með annað tungumál. Ég fylgdi bekk í móttökudeildinni mest allan tímann en fékk einnig að sitja tíma í ensku og stærðfræði hjá eldri nemendum skólans. Sömuleiðis fékk að fylgjast með í tímum hjá yngri bekkjum móttökudeildarinnar.

Markmið með styrknum var að efla grunnskólakennara til að kenna nemendum með íslensku sem annað mál og styðja þá í aðlögun í almennu bekkjarstarfi.

Ferðatilhögun og framkvæmd

1. Skipulag og framkvæmd ferðar

Ég var svo lánsöm að vera ein af þeim sem fékk að taka þátt í þessu spennandi verkefni en við vorum 12 talsins. Haustið 2018 var svo haldinn fundur með öllum hópnum þar sem var farið yfir framkvæmd verkefnisins, hvernig við bærum okkur að og til hvers væri ætlast af okkur. Það var lögð rík áhersla að best væri að skólaheimsóknin ætti sér stað á haustönn. Ég fór beint í málið og var svo lánsöm að hafa, Vigfús Hallgrímsson þróunarfulltrúa grunnskóla í Hafnarfirði, mér til halds og trausts. Það var ómetanlegt að hafa hann með í þessu ferli. Það gekk þó hægt að fá svör frá Danaveldi og þrátt fyrir ítrekanir og mikla þolinmæði af okkar hálfu var fátt um svör. Að lokum fengum við þó svar frá einum skóla í Kaupmannahöfn og í kjölfarið hófust bréfaskriftir milli mín og þessa skóla. Í gegnum bréfaskriftirnar var búið að samþykka komu mína en þegar ég fór að leitast eftir dagsetningum til að kaupa farmiða og ganga frá gistingu komu ekki svör í þó nokkurn tíma. Að endingu fékk ég póst þar sem mér var tilkynnt að skólinn treysti sér ekki til að taka á móti mér í tvær vikur. Ég var því komin á byrjunarreit og á þeim tímapunkti var langt liðið á haustönnina.

Ég ákvað því að láta reyna á mátt samfélagsmiðilsins Facebook. Íslendingar eru einkar hjálpsamir verður að segjast og áður en ég vissi var ég komin í samskipti við kennara í skóla í Valby. Góður vinur vinkonu minnar hafði samband við kennara sonar síns, sem þótti ekkert sjálfsagðra en að taka á móti mér. Við smullum strax saman í samskiptum og dagsetningar ákveðnar um leið. Ég keypti mér farmiða og gistingu „med det samme“. Það runnu þó á mig tvær grímur í desember þegar ég upp-götvaði fyrir algjöra tilviljun að vetrafríð í Danmörku væri á sama tíma og meðan á dvöl minni úti stæði. Einhvern veginn hafði danska kennaranum yfirsést það. Til allra lukku gat ég breytt miðanum og gistingunni án mikillar fyrirhafnar. Ætli hugtakið „Fall er fararheill“ eigi ekki vel við hér.

Ég var í Danmörku frá 27. janúar – 10. febrúar, eða rúmlega tvær vikur. Ég var í Airbnb leiguíbúð sem var í 5 mínútna göngu frá skólanum. Þann 28. janúar mætti ég svo í Vigerslev Allés Skole þar sem Mia Stejlgaard, deildarstjóri móttökudeildar skólans, tók á móti mér og hófust þá tvær vikur af frábærri reynslu.

2. Heimsóknarskóli/-ar

Vigerslev Allé Skole er einstaklega hrífandi skóli. Hann er byggður árið 1910 og samanstendur af 7 byggingum. Skólinn hefur verið gerður upp að innan og í honum er stórar og bjartar stofur. Aðbúnaður er til fyrirmyndar. Heildarfjöldi nemenda í skólanum er 709 þar af eru 372 drengir og 337 stúlkur. Aldur nemenda er frá 5-14 ára. Hlutfall innflytjenda í skólanum er í kringum 20-30% af heildarfjölda nemenda.

Skólinn leggur mikið upp úr að skólinn sé samfélagsleg heild þar sem allir upplifa sig velkomna sama hver uppruni þeirra er; að allir séu hluti af þessari mikilvægu heild sem skólinn er og fái að njóta sín á einn eða annan hátt. Samvinna er ekki síður mikilvægur liður í áherslum skólans. Mikilvægt er að öll börn fái að blómstra og það gera þau með faglegu starfi kennara og traustri samvinnu milli heimilis og skóla. Lögð er rík áhersla á að kennarar, foreldrar og stjórnendur vinni ötullega saman svo hægt sé að tryggja að nemendum skólans líði vel. Það er einnig talað um mikilvægi þess að allir þeir sem koma að börnunum gangi í takt. Þannig skilum við sjálfstæðum og duglegum nemendum út í samfélagið.

Í skólanum starfar móttökudeild sem kallar sig „Global team“ en um 21 nemandi voru í þeirri deild á meðan dvöl minni stóð. Móttökudeildin tekur á móti hælisleitendum, innflytjendum, flóttabörnum og tvítyngdum börnum. Allir nemendur móttökudeildarinnar hafa fengið landvistarleyfi í Danmörku áður en þeir hefja göngu sína í skólanum. Móttökudeildinni er skipt upp í þrjá bekk.

- G1A - þar læra nemendur bókstafina og að hljóða þá. Þeir læra sömuleiðis að skrifa þá. Öll grunnvinnan fer fram í G1A.
- G1B – þar eru nemendur sem eru orðnir nokkuð öryggir í hljóðum bókstafa og þekkja orðið bókstafina vel. Í G1B læra nemendur að lesa og tala dönsku.
- G2 – þar eru nemendur sem eru frá 9-14 ára og eru mjög misjafnlega staddir námslega. Þeir sem kunna ekkert í tungumálinu sækja tíma hjá G1A til að ná tökum á bókstöfunum.

Hlutverk móttökudeildarinnar er að aðstoða nemendur við að aðlagast að breyttu umhverfi og nýrri menningu. Læra inn á skólaumhverfið, efla sjálfstraust þeirra og sjálfsímynd og ekki hvað síst læra tungumálið. Sömuleiðis að finna styrkleika þeirra og efla. Einnig metur móttökudeildin hvar nemendur standa náms- og félagslega. Það þarf að taka til greina að margir ef ekki flestir nemendur móttökudeildarinnar þjást af einhvers konar kvíða og þurfa aðstoð við hæfi. Margir hafa flúið erfiðar aðstæður, upplifað margt sem börn eiga yfirhöfuð ekki að upplifa og sumir hafa ekki átt fastan sama stað í langan tíma, sem veldur miklu óöryggi. Námslegi þátturinn er oft á tíðum eingöngu bara toppurinn á ísjakanum. Það er svo margt annað sem þarf að vinna með sem fæstir gera sér grein fyrir.

Nemendur móttökudeildarinnar eru þar í mis langan tíma og fara ekki úr bekknum fyrr en þeir eru tilbúnir til að fara inn í bekk. Þegar að því kemur eru þeir aðlagðir smátt og smátt og aðlögunin tekin í litlum skrefum sem smám saman verða stærri. Nemendur eru ekki settir inn í bekk út frá aldri heldur getu. Til dæmis var einn nemandi settur í 5. bekk þegar hann ætti raunverulega að vera í 6. bekk ef horft er á aldur hans, en jafnframt var hann látinn vinna með efni fyrir 7. bekk í stærðfræði þar sem geta hans og skilningur í stærðfræði var framúrskarandi.

Því miður komast ekki allir nemendur inn í móttökudeildina sem þyrftu á því að halda. Sumir fara beint inn í bekki því þeir geta „plummað“ sig ágætlega námslega þrátt fyrir að standa illa félagslega. Þannig er sumum nemendum hent beint í djúpu laugina án þess að kunna sundtökin. Fyrir vikið eykst álagið á umsjónakennurunum sem ekki hafa hvorki verkfærin né tímann til að veita nemendum sem þessum þá aðstoð sem þeir í raun þurfa.

Bakgrunnur nemenda í móttökudeildinni er fjölbreyttur og koma þeir frá mismunandi löndum með mismunandi menningu. Það er hollt fyrir börn að læra að virða þessa ólíku menningarheima og bera virðingu fyrir menningu hvors annars og þeirri menningu sem þeir búa við núna. Það er ekki nóg að búa hér heldur verður maður líka að aðlagast nýjum háttum og venjum.

Ég upplifði að nemendur báru mikla virðingu fyrir kennurum sínum og sýndu þeim ávallt virðingu. Það var góður vinnufriður og nemendur voru samviskusamir í því sem þeir tóku sér fyrir hendur og mjög ábyrgðarfullir. Það vantaði ekki upp á sjálfstæði þeirra í vinnubrögðum og utanumhaldi á námi sínu.

3. Lærdómur minn

Ferlið í heild sinni er ótrúlega jákvætt. Það er bara þannig. Þetta er svo þarft, svo gagnleg og svo ótrúlega hollt. Það ættu allir að gera þetta einhvern tímann á sínum kennsluferli. Það er svo gott að koma í aðra skóla, hvað þá aðra skóla erlendis og hreinlega opna augu sín fyrir nýjum möguleikum, nýjum aðferðum og nýjum leiðum í kennslunni. Það er svo hætt við því þegar maður kennir að maður staðni ef maður er alltaf á sama stað að gera sömu hlutina. Þetta ferli hristir í mann til og gefur manni nýja sýn á það sem maður er að gera. Maður áttar sig á hlutum sem maður getur gert betur, maður sér nýja hluti sem maður vill bæta við inn í kennsluna sína, skilningur manns á ýmsum hlutum eykst og maður áttar sig líka á hlutum sem maður er að gera vel. Maður kynnist nýjum kennsluaðferðum sem eru svo einfaldar en maður hefur aldrei notað. Það eitt og sér er frábært.

Maður eignast ný verkfæri í verkfærakistuna og það er ekkert betra en það þegar maður starfar sem kennari.

Annað sem er virkilega jákvætt er að maður hittir nýja kennara sem eru tilbúnir að deila hugsunum sínum, kennsluháttum, þekkingu og færni. Það er dýrmætt því þannig lærir maður og þannig verður maður enn betri kennari.

Að fylgjast með öðrum kenna veitir manni innblástur og það opnast fyrir manni nýr heimur í kennsluháttum. Maður lærir alltaf eitthvað nýtt. Það er því ekki laust við að ég öðlast nýja innsýn í kennslustarfið og þar að auki varð ég vitni að kennsluháttum sem ég hef nú þegar byrjað að nota í minni eigin kennslu. Þetta eru einfaldir hlutir sem allir geta framkvæmt og tileinkað sér. Gott dæmi er t.d. nálgun kennara á umræðum um tiltekin málefni. Nemendur standa upp og allir standa í hring. Kveikjunni er fleytt af stað og það eitt að standa þétt saman býr til vissa nánd. Umræðurnar verða áhugaverðari og ef til vill kvikna frekari hugmyndir hjá nemendum. Þeir verða virkari og kannski sýnilegri. Það er auðvelt að sitja og sleppa því að rétta upp hönd, en þarna þurfa allir að leggja hönd á plóginn. Nú hef ég þegar notað þessa nálgun og nemendur sem ekki rétta oft upp hönd í tíma láta frekar í sér heyra með þessum hætti.

Annað gott dæmi er hreyfing. Það er mikið lagt upp úr hreyfingu og hún er tengd saman við námsefnið hverju sinni. Nemendur eru látnir hreyfa sig inn á milli stunda ýmist með leikjum eða öðru sem kennurum dettur í hug. Stundum eru notaðir boltar eða jafnvel teningar. Í einhverjum tilfellum voru það húllahringir þar sem nemendur voru að flokka nafnorð, lýsingarorð og sagnorð og hlaupið var eftir stofunni endilangri. Sömuleiðis eru hreyfileikir af ýmsu tagi notaðir þar sem námsefninu er flettað saman við. Þetta er oft eitthvað ótrúlega einfalt. Ég hef sjálf notað þetta í kennsluna hjá mér eftir að ég kom heim. Bekkurinn tekur mjög vel í þetta og einbeitingin er ávallt betri eftir stutta leiki sem hrista aðeins í hópnum.

Það má með sannri segja að ég hafi án efa öðlast fleiri en eitt og fleiri en tvö verkfæri í verkfærakistuna mína með því að fylgjast með öðrum kenna í tvær vikur. Það er deginum ljósara.

4. Lærdómur fyrir íslenskt skólakerfi

Mikil samvinna er milli móttökudeildarinnar og þeirra sem sjá um nemendur með annað tungumál. Ég tel að í því felist mikill styrkur. Þarna eru tvær deildir sem eru mjög mikilvægar innan skólans og með samvinnu þeirra gerast frábærir hlutir eins og „Móðurmálskafti“ og „Start kit“ fyrir kennara.

Þarna eru tvær deildir að vinna að sama markmiði og með því að leggjast á eitt verður útkoman miklu betri fyrir vikið. Kennarar upplifa stuðning og að ábyrgðinni sé dreift.

„Start kit“ er verkfæri fyrir kennara sem fá nemendur beint í bekkinn sinn. Oft vita kennarar ekki hvar þeir eiga að byrja eða hvernig þeir eiga hreinlega að koma á móts við nemendur sem koma nánast mállausir inn í bekk. Hugmyndin á bakvið „Start kit“ er að létta aðeins á kennurum svo þeir hafi eitthvað í höndunum þegar nemendur koma. Síðan geti þeir unnið út frá því.

Í „Start kit“ er:

- bók með alls konar verkefnum sem þessar deildir hafa útfært og telja að henti nemendum sem eru að koma inn í bekk.
- vinnubók sem er búin til út frá vef sem tekur mið af tvítyngdum nemendum sem eru að læra dönsku.
- lítið heftið með upplýsingum um síður sem taka sérstakt mið að tvítyngdum börnum. Ein síðan gengur út á litlar stuttmyndir, ein á hlustunaræfingar, önnur á leiki og þar eftir götunum.
- stuttar æfingar þar sem nemendur geta unnið í tiltekna bók sem þeir fá. Allt er þetta gert svo nemendur geti byrjað strax að vinna og eru ekki í lausu lofti í einhverja daga áður en kennarinn byrjar.
- algengir „frasar“ í dönsku sem eru gagnlegir.
- nöfn „félaga“ þeirra.

Áður en nemandinn kemur í skólann fær umsjónarkennari fund með báðum deildum þar sem honum er úthlutaður „Start kit“ pakkinn og farið yfir innihald hans. Sömuleiðis fær kennarinn stuttan bækling sem er sérstaklega útbúinn fyrir kennara þar sem er útlistað hvað ber að hafa í huga við móttöku nemandans. Sömuleiðis velur kennarinn tvo nemendur í bekknum sínum sem fá það hlutverk að halda utan um nemandann fyrstu vikurnar. Þeir kallast „félagar“ og fá afhentan lista yfir það sem þeir þurfa að hafa í huga. Þannig deila fleiri ábyrgðinni og um leið er nemandinn kominn með gott stuðningsnet í kringum sig.

„Móðurmálskaffið“ er alla föstudaga eftir skóla. Rannsóknir hafa sýnt að móðurmálið er lykilþáttur í sjálfsmynd fólks, erfiðara er að læra annað tungumál ef viðkomandi hefur ekki náð tökum á móðurmálinu sem er grunnur að skilningi á öðrum tungumálum. Móðurmálskaffið var því sett á laggirnar til að styrkja móðurmál nemenda, styrkja tengsl þeirra við aðra nemendur og stuðla að vináttu og betri sjálfsmynd. Á hverjum föstudagsmorgni er minnt á „Móðurmálskaffið“ sem byrjar á „góðan daginn“ á mismunandi tungumálum í kallkerfi skólans en þetta gera nemendur úr móttökudeildinni. Um 30-40 börn mæta á þennan viðburð sem á sér stað á bókasafninu. Nemendur

hópa sig saman eftir tungumálum og svo er spilað á spil. Það er líf og fjör í þessa klukkustund og yndislegt að ganga á milli og heyra öll þessi óteljandi tungumál víðsvegar um ganga bókasafnsins.

Vettvangsferðir voru mikilvægar og tíðar og tel ég að grunnskólar landsins mættu vera duglegri að fara í slíkar ferðir. Í móttökudeildinni voru vettvangsferðir fastur punktur í stundaskránni og að mínu mati fór mesta námið fram á þessum dögum. Vettvangsferðirnar eru jafn misjafnar og þær eru margar. Nokkuð ljóst var að nemendur höfðu einstaklega gott af þessum ferðum og lærðu margt gagnlegt yfir daginn. Fyrst og fremst læra þeir betur á Kaupmannahöfn og kynnast danskri menningu og fjölbreyttan og skemmtilegan hátt. Þeir munu rata betur um borgina og læra á lesta- og strætókerfið. Nemendur tala mikið saman á dönsku og orðaforði þeirra yfir daginn eykst bæði með samskiptum sem og lestri sem felst t.d. í að lesa sig til um ýmis málverk eða list á listasöfnum svo eitthvað sé nefnt. Þekking þeirra eykst, þeir verða öruggari í borginni og sjálfstæði þeirra eykst til muna. Umfram allt fá kennarar tækifæri til að ræða við nemendur sína, maður á mann, og kynnast þeim betur. Eitthvað sem fær ekki jafn mikið tækifæri til innan veggja kennslustofunnar. Það var ekki eingöngu móttökudeildin heldur voru aðrir bekkir líka duglegir að fara í vettvangsferðir þó það væri ekki fast í töflu. Á heildina litið fannst mér mikið um vettvangsferðir og mikið lagt upp úr því að brjóta upp kennsluna með ýmsum ferðum. Tekið skal fram að allir nemendur höfðu frían aðgang að söfnum borgarinnar. Eingöngu þurfti að borga inn fyrir kennarana.

Um leið og nemendur stíga inn í þennan skóla fá þeir aðgang að fartölvu merкта sér. Það er ótrúlegt að sjá hvernig nemendur á öllum aldri vinna á tölvurnar. Ég tel að við séum ansi aftarlega á merinni hvað þetta varðar á Íslandi og ætti íslenskt skólakerfi að taka sér þetta til fyrirmyndar. Það var ótrúlegt að sjá hvað ungir nemendur voru flinkir á Word og önnur forrit sem nauðsynlegt er að kunna skil á. Fingrasetning nemenda var sömuleiðis einstaklega góð og nemendur áttu auðvelt með vinna hvað sem var á tölvunni, hvort sem um var að ræða ritun, stærðfræði eða önnur verkefni. Og talandi um tækni, það er klárt mál að það vantar smáforrit fyrir nemendur með annað tungumál á Íslandi. Það er ótrúlegt magn af smáforritum fyrir nemendur með annað tungumál í Danmörku. Þetta eru forrit sem taka sérstakt mið af gagnlegum orðaforða fyrir þessa tilteknu nemendur.

Mikilvægt er að með tilkomu móttökudeilda á Íslandi, að passað sé upp á að þetta verði ekki „ósýnilega deildin“ innan veggja skólans. Það er því mikilvægt að allir leggi eitthvað af mörkum og samstarf milli allra sé gott og að allir gangi saman í takt. Það þurfa að allir að sýna skilning, vera þolinmóðir, sýna stuðning á báða bóga og umfram allt stefna að sama markmiði.

Lokaorð

Þegar maður kemur inn í skóla sem gestur þá veit maður vitanlega aldrei hvernig hlutunum er háttað. Fyrirkomulagið gæti verið á þann veg að þú fylgist bara með eða þú getur verið heppin og fengið að vera þátttakandi í öllu því sem er að gerast. Ég var svo lánsöm að fá að vera þátttakandi. Mér var tekið opnum örmum frá fyrstu kynnum og leið eins og einni af hópnum um leið, bæði kennarahópnum og nemenda. Ég var því ekki eingöngu að fylgjast með heldur var ég virkur þátttakandi. Ég meðal annars hlustaði á nemendur lesa, aðstoðaði við kennslu, tók þátt í íþróttum með þeim, spjallaði við nemendur um daginn og veginn og ekki hvað síst námið þeirra og deildina, einnig fræddi ég nemendur um landið mitt í enskutímum þar sem mikið var um spurningar og skemmtilegar umræður mynduðust, tók þátt í alls konar umræðum, útdelingu á hádegismatnum, vettvangsferðum og sótti stærðfræðitíma jafnt sem dönskutíma.

Kennararnir voru mjög opnir og voru einstaklega duglegir að svara spurningum mínum. Þeir voru alltaf til í að svara hvort sem það voru spurningar varðandi kennsluna, kennsluhættina, menntakerfið í heild sína, námsefni eða annað sem bar upp á góma. Einnig fékk ég að sitja ýmsa fundi sem mér þóttu afar gagnlegir. Fundi með öðrum kennurum og einnig fundi með foreldrum og nemendum. Þetta var afar fróðlegt og ég er þakklát fyrir að hafa fengið að fylgjast með. Deildarstjóri móttökudeildarinnar, Mia Stejlgaard, tók á móti mér og ég var með alla daga. Hún var ótrúleg. Hún var svo fagleg, aðgengileg og þolinmóð því spurningar helltust yfir hana á hverjum degi og þær voru svo sannarlega ekki fáar. Hún á hrós skilið og mér finnst ég hafa dottið í lukkupottinn að hafa verið hjá hennar.

Að fylgjast með öðrum kenna veitir manni innblástur og það opnast fyrir manni nýr heimur í kennsluháttum. Maður lærir alltaf eitthvað nýtt. Það er því ekki laust við að ég öðlast nýja innsýn í kennslustarfið og þar að auki varð ég vitni að kennsluháttum sem ég hef nú þegar byrjað að nota í minni eigin kennslu. Þetta eru einfaldir hlutir sem allir geta framkvæmt og tileinkað sér.

Þessi reynsla hefur því án efa opnað augu mín fyrir ýmsum hlutum sem betur mega fara og hefur veitt mér vissa innsýn inn í kennsluhætti sem ég ætla að tileinka mér. Sömuleiðis hef ég áttað mig á að margt sem ég geri – geri ég vel.

Ferlið í heild sinni er ótrúlega jákvætt. Það er bara þannig. Þetta er svo þarft, svo gagnlegt og svo ótrúlega hollt. Það ættu allir að gera þetta einhvern tímann á sínum kennsluferli.

Með undirritun þessarar greinargerðar staðfesti ég þátttöku mína í umræddri ferð og að hún endurspeglar sjónarmið mín og þá framkvæmd sem átti sér stað í ferðinni.

Staður Hafnarfjörður

Dags. 10. mars/2019

Margrét Ýr Ingimarsdóttir

Nafn/þátttakandi

Kennari í Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði

Ofangreind skýrsla verður birt á vef verkefnisins, <http://ssh.menntamidja.is>, til kynningar fyrir aðra um framkvæmdina.